

## 57. stjórnarfundur haldinn að Narfastöðum í Reykjadal þann 21. mars 2012

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Hjalti Þór Vignisson, Sigrún Helgadóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Þorvarður Helgason. Sigrún Blöndal var í síma til kl. 13. Böðvar Pétursson mætti á fund kl. 15:30. Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10:00.

### 1. Samþykkt dagskrár

Engar athugasemdir.

### 2. Samþykki fundargerðar 29. febrúar og 6. mars 2012

Fundargerðir yfirfarnar og undirritaðar.

### 3. Samráð um samgöngur

Kristveig opnaði umræðuna með því að lýsa yfir ánægju með þá almennu samstöðu sem myndaðist í hópnum um nær öll atriði. Greindi frá hugmyndum hópsins um frekara samráð í framhaldi af fundinum. Sagði að marka þurfi stefnu um í hvaða tilvikum og á hversu breiðum grunni slíkur hópur eigi að starfa.

Hjalti sagði frá stofnun tveggja stýrihópa í tengslum við gerð verndaráætlunar fyrir suðursvæði um tvö svæði, Hoffell og Heinaberg.

Elín greindi frá samskonar hópi sem settur var á laggirnar á vestursvæði.

Sagði að svæðisráðin væru mikilvæg í samráðsferlinu og efaðist um varanlegan hóp eða nefnd um afmarkað efni er tengist uppbyggingu þjóðgarðsins.

Sigrún Helgadóttir sagðist frekar styðja að hópar yrðu settir á laggirnar um afmörkuð verkefni en ekki fasta nefnd.

Tóku Rósa og Sigrún Blöndal undir framansagt.

Kristveig lagði áherslu á að störf samgönguhópsins hafi verið til fyrirmyndar og skilað mikilvægum niðurstöðum fyrir framtíð garðsins.

Tóku aðrir stjórnarmenn undir orð Kristveigar.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs útilokar ekki að settur verði á fót framtíðarhópur um samgöngumál innan þjóðgarðsins en mun ekki leggja það til að svo stöddu. Jafnframt mun stjórnin taka til skoðunar stofnun sérstakra starfshópa um afmörkuð viðfangsefni sem snúa að skipulagningu Vatnajökulspjóðgarðs.

Greindi Þórður frá viðræðum við rannsóknarstofnanir um gerð þolmarkarannsóknna. Upplýsti að tímaáætlun gerði ráð fyrir 7-8 mánuðum. Þórði falið að halda áfram viðræðum við hópinn. Stjórn óskar eftir frekari kynningu á verkefnisáætlun á næsta fundi.

Stjórn stefnir að því að leggja fram breytingar á verndaráætlun þannig að þær geti tekið gildi vorið 2013. Þá er hugmyndin að breytingar varði bæði tillögur samráðshóps um samgöngur, stækkun þjóðgarðs um Langasjó og fleira.

#### **4. Veiðar á Austursvæði**

Sigrún Blöndal kynnti niðurstöðu opins málþings um veiðar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, sem haldin var á Egilsstöðum 17. mars. Jafnframt greindi hún frá vinnu svæðisráðs Austursvæðis um veiðar frá því sl. vor.

Kristveig upplýsti að svæðisráð muni fjalla um niðurstöður málþingsins og senda stjórn þjóðgarðsins skýrslu um málið fyrir næsta fund stjórnar.

#### **5. Innra skipulag**

Kynnt gróf staða þeirrar vinnu.

Stjórn fagnar að vinnan er komin vel af stað.

#### **6. Stjórnunar- og verndaráætlun; nýtt svæði við Langasjó og Eldgjá**

Elín Heiða greindi frá vinnu svæðisráðs Vestursvæðis og starfsmanna þjóðgarðsins um gerð verndaráætlunar fyrir Langasjó og Eldgjá. Fyrstu drög svæðisráð hafa verið sett á heimsíðu þjóðgarðsins og athugasemdafrestur var til og með 9. mars s.l. Komið hafa fram nokkrar athugasemdir. Svæðisráð mun síðan vinna úr þeim athugasemdum sem hafa komið, en sem stendur liggur ekki fyrir hvenær stjórn fær tillögu svæðisráðsins.

#### **7. Fundur með Svæðisráði Norðursvæðis**

Svæðisráð Norðursvæðis mætti á fundinn kl. 13.40 ásamt starfsmönnum á Norðursvæði.

Þjóðgarðsvörður kynnti starfsemi og rekstur ársins 2011. Fundarmenn ræddu í framhaldinu ýmis mál, s.s. öryggismál, framkvæmdir á norðursvæði, þekkingarsetur og gestastofa í Mývatnssveit, samstarf við FFA, verkaskiptingu á milli rekstrasvæða garðsins, netverk náttúrufræðslu og innra skipulag þjóðgarðsins.

#### **8. Sameining stofnana**

Frestun hefur orðið á áframhaldi málsins.

#### **9. Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls - samstarfsverkefni 2012**

Þórður kynnti verkefni sem samstarf er um á yfirstandandi ári. Stærstu verkefni eru sýningar í Gömlubúð og Skaftafelli og gerð fræðsluefnis fyrir gesti þjóðgarðsins og miðlun til þeirra.

#### **10. Gamlabúð á Höfn**

(Hjalti vék af fundi undir þessum lið).

Þórður greindi frá stöðu verkefnisins, fer að öllum líkindum ekki af stað fyrr en í byrjun júní þar sem það á eftir að byggja grunninn og flytja húsið. Þórður leggur til að garðurinn einbeiti sér að því að setja fyrstu hæð hússins og miðhæðina í stand en þar liggur beinast við að hafa upplýsingamiðstöðina. Spurningar vöknudu um samstarfið og kostnað þjóðgarðsins vegna reksturs húsnæðisins og samstarf við sveitarfélagið. Framkvæmdarstjóra falið að ganga frá drögum að samningi og kynna fyrir stjórn.

#### **11. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri**

Kom fram að verið sé að vinna nýja þarfagreiningu fyrir allt húsið. Einnig að kortleggja hverjir verði formlegir aðilar að byggingunni. Auk þess er unnið að því að fá viðbótarfjármagn á þessu ári til hönnunar svo og að kynna viðkomandi aðilum nauðsyn þess

að fá fjármagn á næsta og þar næsta ári til framkvæmdanna og miða við að stefnt sé að opnun hússins árið 2014.

Þórður kynnti skýrslu frá Verkís um flóðahættu af Skaftá.

## 12. Fjárlagagerð 2013-áhersluatriði

Farið yfir tillögur fyrir fjárlög ársins 2013. Lögð áhersla á ráðningu starfsfólks til að sinna mannauðsmálum, fjármálum, fræðslumálum, útgáfumálum, kynningar- og upplýsingamálum, markaðs- og atvinnuþróunarmálum, öryggismálum, vefumsjón og kortamálum.

Hjalti lagði áherslu á að starfstöðvar þjóðgarðsins yrðu byggðar upp, þörf væri á auknum fjárveitingum við Mývatn og Höfn til að tryggja starfsemi þar allt árið.

Jafnframt rætt um fjárfestingar á árinu 2013 þar sem hæst ber þátttöku í byggingu

Pekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

## 13. Svæðisráð-fundargerðir

- Engin sérstök mál tekin upp.

## 14. Önnur mál

- *Landsvæði við Dettifoss að vestan*  
Þórður gerði grein fyrir vinnu á milli funda.
- *Landvarðanámskeið*
  - Lagðir voru fram minnispointar um málið og fagnar stjórnin því að málið sé í vinnslu.
- *Snæfellsskáli*  
Þórður gerði grein fyrir viðræðum við FFF um skála í Snæfelli.
- *Vinnu- og siðareglur*  
Kristveig fór yfir drög að vinnu- og siðareglum og rifjaði upp forsögu málsins.
  - Framlagðar reglur samþykktar með áorðnum breytingum.
- *Skipulag á jaðri þjóðgarðs*
  - Stjórn óskar eftir að svæðisráðin fjalli um þingsályktunartillögu um rammaáætlun um virkjanir þegar hún kemur fram.
- *Frágangur fundargerða*  
Kristveig lagði áherslu á að fundargerð verði lesin upp í lok fundar.  
Kristveig lagði til að ef fundarmenn vilji bóka í fundargerðum afstöðu sína til tiltekinna mála að þá þurfi hún að berast eigi síðar en 24 klst eftir fund.  
Fundarmenn samála því.
- *Næsti stjórnarfundur*
  - Samþykkt að hann verði 25. apríl 2012 (líklegast í Reykjavík)

Fundi slitið klukkan 17:45